



Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2019

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) fengu sent, þann 18. nóvember, til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, 266. mál. Hér fylgir umsögn SÍ.

Umrædd breyting gengur út á að við 20. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Lyfjastofnun er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 1. mgr. til sölu tiltekinnar lausasölulyfja í almennri verslun. Lyfjastofnun skal birta lista á vefsíðu sinni yfir þau lyf, styrkleika og pakkningar sem heimilt er að selja samkvæmt ákvæði þessu. Ákvæði 2.–4. mgr. 24. gr. eiga einnig við um þá sem veitt er undanþága samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um hvernig sölu lausasölulyfja í almennum verslunum skal háttað.

SÍ benda á að samkvæmt lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 nær sjúkratrygging til nauðsynlegra lyfja sem hafa markaðsleyfi á Íslandi, hefur verið ávísað til notkunar utan heilbrigðisstofnana og ákveðið hefur verið að sjúkratryggingar taki þátt í að greiða. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga nær ekki til lausasölulyfja, sem hér um ræðir.

SÍ vilja samt benda á fagleg sjónarmið vegna þessara breytingatillagna. SÍ telja að afar mikilvæg sé að horfa til öryggissjónarmiða vegna lyfjakaupa. Varasamt sé að setja lyf í almennar verslanir þar sem engin faglega ráðgjöf muni standa einstaklingum til boða vegna lyfjakaupanna. Breytingartillagan ber ekki með sér að ætlast verði til þess að heilbrigðismenntaður starfsmaður sjái um afhendingu lyfjanna. SÍ telja því, með tillit til öryggissjónarmiða fyrir einstaklinga, þá eigi lyfjasala að vera áfram aðeins í lyfjabúðum. SÍ vilja benda á að á Íslandi eru mun fleiri apótek og útibú á hverja 100.000 íbúa en í öðrum norrænum ríkjum. Hér að neðan er tafla sem fengin er úr skýrslu Hagfræðistofnunar um lyfjamarkaðinn sem gefin var út 2019.

Tafla 2. Á Íslandi eru miklu fleiri apótek og útibú á 100.000 manns en í öðrum norrænum ríkjum.

	2000	2005	2010	2015	2017
Danmörk	6,2	5,9	5,8	6,5	7,8
Ísland	35,9	35,0	29,6	29,0	29,9
Svíþjóð	-	-	12,2	14,0	14,5
Noregur	8,8	11,7	13,6	15,6	17,3
Finnland	15,3	15,3	15,1	14,9	14,7

Heimild: Nordic pharmacies (2017).

Fjöldi lyfjabúða á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin er um tvöfalt miðað við það sem almennt gerist. Aðgengi að lyfjabúðum er einnig gott og er opnunartíminn þeirra til miðnættis alla daga ársins. Lausasölulyf eru almennt ódýr svo rök um aukna samkeppni og lækkað verð til neytenda eru veik að mati SÍ.

Virðingarfyllt,
f.h. Sjúkratrygginga Íslands

Katrín Eyðís Hjörleifsdóttir
sviðsstjóri Viðskiptasviðs